

Því flýgur krákan víða

Eftir Ólaf Halldórsson

Í handritasafni Árna Magnússonar eru tvö skinnblöð sér í númeri, auðkennd AM 687b 4to; blöðin eru í litlu broti, 16.8 × 11.4 sm, heft í pappaspjöld sem eru klædd grápappír. Á bl. 1v — 2v eru latínutextar með nótum sem hér segir: *Ave, Dei genetrix, gemma . . .*, tvö fyrstu erindin (*Analecta Hymnica* 30, bls. 192); *Ave, virgo fulgida . . .*; *Sanctus; Gaudent universe creature, nam 'yemps' abiit . . .* (vorsöngur), og loks *Credo*. Á bl. 1r eru skrifaðar átta gátur, þrjár vísur og þula (brot?). Þessi kveðskapur er skrifaður með mjög smárri og þéttri skrift, að því er virðist af öðrum en þeim sem skrifaði nótnatextann. Blöðin tvö eru ugglaut leifar af stærra handriti, sem nú er glatað að öðru leyti, en allt er óvíst um hvort Árni Magnússon hefur fengið þessi tvö blöð ein, eða hvort hann hefur hent afganginum af handritinu. Vafalaust hefur hann verið að slægjast eftir kveðskapnum, en hann hélt lítið af nótnabókum. Handritið virðist vera skrifað á 16. öld.

Um feril 687b er þetta vitað: Á neðri spássú á bl. 1v er skrifað: 'Þessa tuisongs bock a eg greipur Þorlleifsson ef skal oræntur uera epter minn faudur þui hann sagdizt hana aungum gefit hafa sidazt eg skilda uid hann a sker[d]ingsstodum og eg uissa at þ[e]ir pall broder minn og biorn jon son hofdu þessa bock j lane'. Maður sá sem þetta skrifaði var Greipur prestur á Stað á Snæfjallaströnd og Kirkjubóli í Langadal, dáinn fyrir 1601, sonur Þorleifs prests Björnssonar á Reyk-

hólum.¹ Greipur mun hafa verið elztur barna séra Þorleifs; hann var óskilgetinn, en var leiddur til arfs 13. sept. 1557 ásamt þremur systkinum sínum, þar á meðal Páli.² Björn Jónsson sá sem er nefndur í klausunni, mun vera bróðursonur séra Þorleifs, sonur Jóns Björnssonar í Flatey. Greipur hefur skrifað klausuna eftir að faðir hans dó, en hann var enn á líffi 1581.³

Árni Magnússon hefur skrifað á bl. 1r: 'Fra Gudrunu Ögmundar d(ottur) i Flatey 1707'. Guðrún þessi var gift Tómasi Jónssyni, Finnssonar í Flatey, Jónssonar, Björnssonar,⁴ en Finnur Jónsson var bróðir Björns þess, sem Greipur segir að hafi haft bókina í láni, og er auðséð af þessu, að Greipur hefur aldrei náð bókinni til sín.

Greipur kallar handritið tvísöngsbók, og hefur það þá verið nótnahandrit, en vafasamt að meiri kveðskapur hafi verið í því en sá sem enn er varðveittur. Gáturnar og vísurnar hafa þá að líkindum verið skrifaðar á auða blaðsíðu, líklega fremst í handritinu, eftir að það var fullskrifað að öðru leyti.

Ég hef orðið þess var, að ýmsir menn hafa skrifað upp kveðskapinn á bl. 1r í 687b, en enginn hefur orðið til þess að birta allt sem þar stendur á prenti. Eins og áður segir er skriftin á þessari blaðsíðu smá og þétt, en auk þess nokkuð máð og verður að kallast torlesin. Mér þykir því rétt, þar sem ég þykist hafa ráðið fram úr því sem á blaðsíðunni stendur, að birta það allt í heild. Textinn er hér á eftir prentaður stafrétt, svo sem tekizt hefur að lesa, og skáletrað allt sem er leyst úr böndum.

1

Karll er sa einn
er hann kynlega skapadur
3 ok hefer aflest lond farit

¹ Páll E. Ólason, *Íslenzkar æviskrár* II, bls. 95—96.

² *DI* XIII, nr. 169.

³ *Ísl. æviskr.* V, bls. 174—5.

⁴ Bogi Benediktsson, *Sýslumannaæfir* II, bls. 60.

- enn eþtra hlut
 berr hann sier utan hofudz
 6 ok er hann þo ennis laus alín.
 at uista kavpum rigar hann
 uetur ok sumar
 9 ok verdur hann því af trollum togadur.
 æ skavmm tunga
 stendur honum vpp vr klofi
 12 ok hefer hann huercki munn ne maga.
 umm matar afgang
 dæmer hann alldre nema
 15 honum hangi steinn uit stiol.

2

- Ambatt er einn
 er fædíztt a jslandi
 3 ok elzt j uthusvm optt.
 uolega uaxín
 er sv enn uesla kona.
 6 oll er hun umm kuid klofín
 miozsta gluga⁵
 hun berr marga a ser
 9 optt er henne j ravf reckit
 med breidum híassa
 er sa ä hratt dreigen
 12 er hann kemur hofudlaus j hana.

3

- Brædur eru þeir ij
 er fylgía bruda lide
 3 sialldan⁶ munu þeir j karlla sveit koma.
 margan dag
 munu þeir umm þat togazt
 6 er villde huorgi hafa

⁵ gluga, skr. þannig fyrir glugga.

⁶ sialldan, tvíritað.

j savda féitt
 er þeim sæng hugud
 9 þar skulu þeir huilld hafa.

4

Huer er sa hinn lagi
 er hann er litell fyrer sier
 3 ok hefer hann fiora fætur
 ij lifande
 ok ij davda
 6 miog⁷ er þat kynligtt knapalldur.
 a ij hann stendur
 enn hann skal adra ij
 9 j míllum herda hafa
 kuenna kiot
 er honum a kropp boritt
 12 finzt eigi honum þo mannz holdd j maga.

5

Greppur er enn⁸
 saer gamall unír⁹
 3 ok stendur j gegnum greín
 margra manna
 þo ath mat frecker se
 6 berr hann sier nattuerd a nefi.
 alltt afll er honum
 j enni komit
 9 sialldan gengr honum byrdur af backí.

6

Huer er sa hin íj^c
 er j þara hanger
 3 ok er herde lotin helldur.

⁷ miog, óskýrt og lesning vafasöm.

⁸ enn, e. t. v. anar.

⁹ unír, óskýrt, virðist skrifað umer, e. t. v. misritun.

- a hlidar hann rær
 ok kemur þa¹⁰ hlíod mikit
 6 j hans kringlotta kofa
 j heítum stad
 uar sa haulldur skapadur
 9 ok uerdur ath liosta til lífs.

7

- Huer er sa hin ellefte
 er hefer afl j nefe
 3 ok er j legg lotín.
 hardr under hondum
 ok j hrygg bogin
 6 ok fellst¹¹ j anars holldi optt.
 ath¹² fostu matar fongum
 ferr hann jdulega
 9 ok hleypur þa j fisks ferd.
 ginandí uættar
 uillia þann grepp taka
 12 ok leider hann þær þa bue fra.

8

- Mogur er sa hin nítiande
 er elzt fyrer modurkníam
 3 ok er j fota skíole fæddur.
 uígnyrum sínum
 ef verdr uilíugr gamall
 6 kockar¹³ hann j ennett vpp
 eístum sínum
 kastar hann ä alla uega
 9 ok getur af því born ok bvrú.

¹⁰ þa, líkist meira þo.

¹¹ fellst, óskýrt.

¹² ath, mjög óskýrt, e. t. v. a tt, ófullkomin leiðrétting úr optt.

¹³ kockar, óskýrt, en virðist þó vera þannig skrifað.

9

- Var ek elgur en gamle.
ogurligr j skoge.
3 stille ek framm med fialle.
flíms hlaðinn¹⁴ hrime.
heyrdá ek aptur umm eyru.
6 aurva glamm fyrer skommu.
þvi for ek lagt j lavfi
lavtek under uid stundum.

10

- Mig tregar miner rackar
heill godur bonndín heill
3 mest þaer snior drifur vestan.
þeir runnu j gær vr gardí
Garmar ij^r sem ek harma.
6 þeir bitu biorn j bírcke
þviat hann giorde ílluírcke.
nu liggia hræ racka
9 rotín a kelldu backa.
hirde ek eigi huar rif rottna
radi gud fyrer salu.

11

- Kona geck til uattz
rann hundur¹⁵ fyrer
3 hvfottur stufottur
fleckottur spreclottur
huitur umm tryne
6 svartbakur lodínkínne.

12

Þvi flygur krackan uida
at hun hefer uængena sida.

¹⁴ hlaðinn, þrír síðustu stafirnir óskýrir.

¹⁵ hundur, d leiðrétt úr g.

- 3 Því situr hon hatt j uídenum
at hon hefer fætur under kuídenum.
stillta ek fram með boganum
- 6 uíssi hun eigi huat ek hafða j huganum.
small henne kolfur a kuídenum
opin for hun aptur vr uídenum.

Gáturnar hafa allar, nema nr. 8, verið prentaðar áður. Nr. 4 er prentuð í *Almanaki hins íslenzka Þjóðvinafélags um árið 1876*, bls. 59, orðrétt eins og hér, en stafsetning er samræmd. Nr. 1 — 7 eru prentaðar í *Íslenzkum gátum*, safnað hefir Jón Árnason, Kaupmannahöfn 1887. Í þetta rit eru gáturnar komnar um mikið torleiði, enda er texti þeirra mjög rangur; þær eru bersýnilega teknar eftir uppskrift Hallgríms Schevings, sem hann hefur væntanlega skrifað þegar hann var styrkþegi Árnasjóðs 1808 — 1810, nú varðveitt í JS 289 8vo (bls. 25—28). Hallgrímur hefur skrifað beint eftir skinnblaðinu, að því er ráðið verður af fyrirsögn í eftirritinu: 'AM. 687B mbr. Sec. xvi.' Eftirtalin dæmi skera úr um, að gáturnar í útgáfu Jóns Árnasonar eru teknar eftir uppskrift Hallgríms Schevings (leshættir hans eru hér á eftir auðkenndir með *HS*, Jóns Árnasonar með *JÁ*):

1 = nr. 778 *JÁ*.

1.6 þo ennis] þa eins *HS*, þó eins *JÁ*.

1.7 rigar] þannig hjá *HS*, en rithönd Hallgríms er heldur klunnaleg og óskýr, r líkist v og a svipar til e; vígir *JÁ*.

1.9 hann] ÷ *HS*, *JÁ*.

2 = nr. 13. *JÁ*.

2.9 ravf] rass *HS*, *JÁ*.

2.11 hratt] brott *HS*, *JÁ*.

5 = nr. 335 *JÁ*.

5.1 enn] þannig *HS*, en einn? bætt við fyrir aftan línuna; einn *JÁ*.

5.5 þo ath mat frecker se] þannig HS; þótt hann matfrekur se JÁ. Hjá HS er frecker skrifað freckir, þannig að flumbrari gat mislesið -ir sem -ur; sá hinn sami hefur að líkindum haldið að h í ath stæði fyrir hann.

5.9 byrdur] þannig HS, en endingin óskýr; byrði JÁ.

7 = 518 JÁ.

7.6 optt] opttliga HS, optlega JÁ.

7.10 ÷ HS, JÁ.

7.12 leidir] beidir HS, JÁ, en yfir línu hefur HS skrifað: (leidir) og live yfir bue.

Auk þess sem hér hefur verið talið víkur textinn í útgáfu Jóns Árnasonar víða frá eftirriti Hallgríms Schevings, og er vant að sjá hverju er breytt viljandi og hverju fyrir handvömm, t. d. stendur *klóta baldur* í stað 4.6 'knapalldur', og er það vafalaust tilraun til leiðréttingar, en líklega handvömm, að í sama erindi, l. 8, vantar 'íj' (= tvo; þetta er illa skrifað hjá Hallgrími). Að öðru leyti verða frávik í texta Jóns Árnasonar ekki rakin hér, en vitað er að útgáfan á gátusafni hans varð ekki eins vönduð og hann sjálfur vildi. Í Almanaki Þjóðvinafélagsins er nr. 4 sennilega prentuð eftir uppskrift Hallgríms Schevings, en Jón Sigurðsson, sem sá um þetta ár almanaksins, mun hafa verið vanur að lesa klór Hallgríms og prentar allt rétt.

Í 687b eru engar ráðningar við gáturnar, en Hallgrímur Scheving hefur skrifað ráðningar og athugasemdir á eftir textanum:

N^o 1 Pundari?

Meðningu þriggja seinustu lina 1sta erindisins skil eg ekki. Í odru erindi skil eg þetta ekki æ skaurnn (þannig skrifað í *vísunni; ólæsilegt hér, ÓH*) túnga, eda á ad gera úr því æ, skömm túnga.

N^o 2 löd

dreginn forte sleginn nl til þess ad búa til höfudid á hann.

N^o 3 ullarkambar

I sauda *feitt* num legendum *fett* (unde fettlingar) = ull — þegar hætt er að kamba eru kambarnir opt lagdir ofan á ullina, sem verið var að kamba.

N^o 4 fótskemill kvenna

af því í gátunni er talad um karlkendan hlut, þá verður madur heldur að huxa ser fótskemil en fotaskör.

N^o 5 gaffall?

Vegna hvors sagt er gamall unír og stendur í gegnum grein, skil eg ekki.

N^o 6 klukkukólfr?N^o 7 hneif?

Í Almanaki Þjóðvinafélagsins er ráðningin við nr. 4: fótaskör kvenna. Hjá Jóni Árnasyni er ráðningin við nr. 7: öngull, en við hinar gáturnar eru settar ráðningar Hallgríms Schevings.

Auðséð er að gáturnar eru ekki ortar af þeim sem skrifaði þær í 687b; einnig má telja öruggt að hann hafi tekið þær upp úr bók, en ekki farið eftir minni sínu eða annarra. Fáeinir leshættir eru tortryggilegir, en sumir víslega rangir. — 1.9 'þvi' er e. t. v. rangt fyrir *þá*. — 1.13 'afgang' má telja víst að sé villa fyrir *atfang*. — 2.2 'er fædíztt a jslandi' virðist vera algerlega út í hött; sennilega er *jslandi* mislestur fyrir eitthvert annað orð sem hefur verið líkt útlits, en ekki liggur ljóst fyrir hvaða orð það gæti verið. Helzt væri að ímynda sér samsett orð af fors. *i* og nafnorði, t. d. *ísletta*¹⁶ eða e. t. v. **íslant*, sbr. dö., no. og sæ. *slant*.¹⁷ — 2.11 'hratt' er augljós villa fyrir *brott*. — 7.12 'bue' mun vera villa fyrir *lífi*, fremur en að 'leider' sé villa fyrir *beiðir*, en af stuðlasetningu er ljóst að annaðhvort orðið er rangt. Í gátu nr. 1000 hjá Jóni Árna-

¹⁶ Dæmi um orðið *ísletta* eru í seðlasafni Orðabókar Háskóla Íslands, meðal annars úr orðabók Jóns Ólafssonar frá Grunnavík og þýtt þar *infusa res*.

¹⁷ Ef upphaflega hefur staðið í gátunni: er fæðisk á íslettu (eða íslanti), hefur verið átt við það sem slett var í löðina, í þessu tilfelli naglann, áður en hausinn var sleginn til.

syni er notað orðafarið *að leiða frá lífi* um öngul: 'margan hefir frá lífi leitt'. En ef 'bue' stafar af mislestri á lífi er augljóst að það orð hefur verið skrifað *liue*, *live* eða *liwe*.

Villur þær sem hér hafa verið taldar benda eindregið til þess að ritari hafi mislesið í handriti sem hann skrifaði eftir, en ekki að hér sé um að ræða afbakaniir í munnlegri geymd.

Í gátunum eru fáein sjaldgæf orð og sum óþekkt í íslenzku, sem ástæða er til að fjalla sérstaklega um.

2.9 *rauf*, -ar, ar, fem., algengt í íslenzku í merkingunni op, rifa, en hér er ugglaut ætlazt til að þeim sem gátuna heyrir detti fyrst í hug merkingin *anus*, eða e. t. v. *cunnius*, sbr. d. *røv*, sæ. *röv*.

2.10 'híassa', af hjassi, -a, -ar, masc., hvirfill, sjaldgæft í íslenzku, en kemur þó fyrir í rímum, sama orðið og sæ. *hjasse* og d. *isse*.

3.7 'savda feitt', þ. e. sauðafeitt. Þetta orð er skýrt skrifað í handritinu og enginn vafi á um lesturinn. Síðari hluti orðsins er ekki auðskilinn; skýring Hallgríms Schevings, — *feitt* num legendum *fett* (unde fettlingar) = ull — er a. m. k. að því marki rétt, að þarna hlýtur að vera átt við ull, hvort sem rétt er eða ekki, að tengja orðið *feitt* við það sem Hallgrímur skrifar fettlingar, en nú er ritað fetlingar eða fætlingar, sama og fætlur, sem í *Islandsk-dansk Ordbog* eftir Sigfús Blöndal er þýtt: 'Uld af Benene paa Faar el. af Faarets Skanker.' Hér hlýtur að vera um sama orð að ræða og d. *fæt*, samanundið reyfi, einnig gæra, sbr. fsæ. *ulla fætter*, og sæ. mállýzkuorð *fätt*, ullarvöndull. Elof Hellquist telur í *Svensk etymologisk ordbok*, að þetta orð sé komið af germ. **fabti-*, þ. e. i-stofn, sem ætti að verða **fætt* í íslenzku, en til þessarar orðmyndar bendir einnig danska orðið *fæt*.¹⁸ Að sjálfsgöðu má gera ráð fyrir misritun í 678b, þannig að *feitt* standi fyrir **fætt*, einkum ef ritari hefur ekki þekkt þetta orð, en einnig getur verið að 'ei' standi fyrir *é*, en slíkur ritháttur kemur fyrir í handritum allt frá síðara hluta 13. aldar og fram á 16. öld,

¹⁸ Sjá bls. 166 undir *får*.

en engar heimildir eru í íslenzku um hvoruga orðmyndina, *fétt eða *fætt, nema að orðin *fætlingar* og *fætlur* séu raunar mynduð af orðinu *fætt, en eigi ekki skylt við orðið *fótur*. Hins vegar kemur orðmyndin *feit* fyrir í þulunni: 'Komdu til mín fyrsta kvöldið jóla', sjá *Íslenzkar gátur, skemtánir, vikivakar* og *þulur* IV, Kaupmannahöfn 1898—1903, bls. 298; þar er þulan prentuð eftir handriti Guðmundar Davíðssonar á Hraunum í Fljótum (1866—1942). Ennfremur er þulan með hendi Sigmundar Matthíassonar Long í Lbs 587 4to. Helga Jóhannsdóttir og Jón Samsonarson hafa tekið þuluna upp á hljóðrita eftir fólki á Norð-Austurlandi (bönd auðkennd HJ 18, HJ 69/75, HJ/JS 69/94 og HJ 69/165). Í öllum þessum heimildum er orðmyndin *feit*: 'Ég skal gefa þér fimm *feit*.' Í þulunni er merking orðsins ekki ljós, en vafalaust er hér um sama orð að ræða og 3.7 *feitt*, og bendir orðmyndin í þulunni til þess að ekki sé um misritun að ræða í gátunni. Þulan er ekki íslensk að uppruna; hún er til í ýmsum myndum á Norðurlöndum, Englandi og Frakklandi. Af samanburði við dönsku og sænsku virðist merking orðsins *fætt (eða *fétt) hafa verið: ókembd ull, líklega reyfi undið upp í vöndul.

4.6 'knapalldur', neutr.; kyn orðsins sést af lýsingarorðinu á undan, *kynligt*, og beygist orðið þá eins og *sjáaldur*. Um þetta orð eru engar heimildir, hvorki í íslenzku né skyldum málum. Að vísu kemur fyrir í skozku orðið *knappalde*, 'Scotch variant of clappalde, -olde',¹⁹ sem hefur þróast af lágþýzka orðinu *klappholt*, klofin eik, ætluð í tunnustafi, en þar er naumast um sama orð að ræða. Fyrri hluti orðsins er sennilega af *knappur* (nú: hnappur), og má vel vera að eigi að rita orðið með *pp*. Líklegt er að orðið hafi verið notað í svipaðri merkingu og *hnyðja*.

6.2 'para', af masc. an-stofni *þari* eða öllu heldur *þarri*. Þetta er bersýnilega sama orðið og sæ. *tarre*, sem einnig kemur fyrir í norskum mállýzkum, hjaltlenzku og þýzku (= *darre*,

¹⁹ Sjá *The Oxford English Dictionary*, Vol. V, bls. 724c undir *Knapple*, *knappel*, og *A Dictionary of the Older Scottish Tongue...*, Vol. III, bls. 456b, undir *Knapholt*.

fem.). Orðið er skylt *þurrka* og *þerrir*; frummerkingin virðist vera hilla eða grind til að þurrka á, en hér virðist það vera notað um þann hluta rótar í húsi, sem var fyrir ofan vaglbita; þessi merking orðsins er í Svíþjóð kunn úr Vestra-Gautlandi, Eystra-Gautlandi, Dalsslandi, Smálöndum og úr Dölum, í Noregi úr Haddingjadal (Hallingsdal), Hemsedal og Sogni, en einnig kemur hún fyrir á Hjaltlandi.²⁰

Í þessu orði er langt *r* upprunalegt og langalgengast, en í norskum mállýzkum kemur það þó fyrir með einföldu (stuttu) *r*, tare í S.-Guðbrandsdal, Nordland, Norðmæri og Raumsdal, og er *tarre* þó jafnframt notað á þessum svæðum.²¹ Óvíst er að mark sé takandi á rithættinum í 687b, þar sem ólíklegt verður að teljast að ritaři þess hafi þekkt orðið *þarri*.

8.4 'úignyrum', neutr. plur. af *vígnýra*, eista. Þetta orð kemur hvergi fyrir annarsstaðar, en karlkennd mynd, *vígnjóri*, kemur fyrir í hinum fornu lögum Gotlendinga (*Gutalag*), og þar er merkingin greinileg: 'Þa en mandr verþr lestr at scapum so et hann ma ai barns faþir vera. þa ir byt at siex .marcum. silfs. vigniauri huar. þa en beþir iru lestr. þa ir byt at tolf marcum silfs.'²² Nýra í merkingunni eista kemur fyrir, samkvæmt *Norske Ordbog* eftir Ivar Aasen, á Sunnmæri í Noregi, en í íslenzku er mér ókunnugt um það annarsstaðar en í Mábilar rímum: 'nýrun öll fann nistils þöll / neðst í þessum sjóði' (Máb. V 54.3—4 í JS 45 4to); þar er augljóst af sambandinu að átt er við eistu.

Gáturnar eru ortar undir ljóðahætti, sem er að því leyti frábrugðinn því sem er algengast í eddukvæðum, að vísuorð eru óvenjulöng og öll erindin meira en sex vísuorð: 9 í nr. 3, 5, 6 og 8, 12 í nr. 2, 4 og 7, 15 í nr. 1. Stuðlasætning er yfir-

²⁰ Manne Eriksson, *Hjáll och tarre*...., Skrifter utg. genom Landsmåls- och folkminnesarkivet i Uppsala, Ser. A:4, bls. 271.

²¹ Op. cit., bls. 269.

²² *Gutalag och Gutasaga*...., utg. af Hugo Pipping, København 1905—07, bls. 25.8—11.

leitt reglubundin, einn stuðull og eitt ris í 1. og 2. vísuorði, en tveir stuðlar og tvö ris í þriðja, o. s. frv.; undantekningar eru 2.4 válega vaxin, 3.4—5 margan dag / munu þeir um þat togask, 4.10 kvenna kiqt, 5.4 margra manna, 7.4 harðr undir höndum, 7.7 at fóstumatar fongum. Bragarhátturinn er mjög líkur og á þeim gátum í Hervarar sögu og Heiðreks konungs, sem eru ortar undir ljóðahætti, nema að þar er ekkert erindi lengra en 6 vísuorð.

Ekki verður betur séð en að gáturnar í 687b séu nokkurn vegin jafngamlar; þær eru allar keimlíkar, og sumt í þeim bendir raunar til að þær gætu verið ortar allar af sama mannum, t. d. það, hve orðið *enni* er oft notað og að því er virðist dálítið út í hött, sjá 1.6, 5.8 og 8.6. Þær eru bersýnilega komnar úr gátusafni; til þess bendir upphaf nr. 6, 7 og 8: Hverr er sá inn þriði, — Hverr er sá inn ellefti, — Mogr er sá inn nítiáandi, — og e. t. v. á að lesa upphaf nr. 5: Greppr er annarr. Aldur þeirra hygg ég að örðugt muni að ákvarða til nokkurrar hlítar. Handritið, 687b, mun vera skrifað á fyrra helmingi 16. aldar, og verður þá ca. 1550 *terminus ante quem*; nr. 6 og 7 eru ortar í kristnum sið og þá ekki eldri en frá því um 1000. Skriflega geymd má með nokkrum rökum færa lengra aftur í tímann en til ca. 1550. Eins og áður er sagt er líklegast að 7.12 'bue' sé villa fyrir *lífi*, sem hefur verið skrifað *live*, *liue* eða *liwe*, en slíks ritháttar (*v* eða *u* fyrir *f* milli raddaðra hljóða (sérhljóða)) er helzt að vænta í handritum frá því fyrir 1300, en þetta dugir þó skammt til að tímasetja forrit, nema það hafi verið íslenzkt. Rétt er að athuga hvort hlutir þeir sem gáturnar fjalla um gætu gefið nokkra bendingu um aldur þeirra, og skal nú fjallað um þær með tilliti til þessa.

Nr. 1. Ráðningin á þessari gátu er vafalaust pundari (reizla). Aðalatriði í lýsingu hans eru þessi: Hluturinn er karlkenndur; eþra hlut utan höfuðs; æ skömm tunga stendur honum upp úr klofi; steinn hangir við stjöl.

Pundarar hafa verið notaðir á Norðurlöndum frá því fyrir ritöld. Gamlir pundarar hafa hins vegar ekki varðveitt, sem kemur til af því að þeir voru úr tré. Lýsingin í gátunni kemur heim við það sem vitað er um pundara, en tunga sem stendur upp úr klofi ákvarðar tegundina nánar: hér er átt við það sem er kallað *tungupundari* í Jónsbók: 'Sá er annarr pundari er heitir handpundari, sá skal rísa af hálfri mörk, ok eigi meira á vega en hálfan annan fjórðung, þat skal vera tungupundari.'²³ Tungupundara er einnig getið í dómi Ara Magnússonar í Øgri frá 1615 um kaupskap útlenzkra og íslenzkra: 'Um þa þridiu Grein dæmdum vier. ad þeir (*þ. e. kaupmenn*) hafi jslenska stiku. tungupundara og mæler. er syslumadurinn þeim setur. enn öngua adra.'²⁴ Tungan sem talað er um í gátunni að standi upp úr klofi hefur vafalaust verið mundang, en ég hef ekki átt kost á heimildum um þess konar pundara, og mér er ókunnugt um hvenær þeir hafi komið til Íslands eða á Norðurlönd.

Nr. 2. Löð. Laðir hafa verið notaðar til að slá til nagla-hausa frá ómunatíð og fram undir vora daga. Sérkennandi fyrir löðina sem er lýst í gátunni er að hún er öll um kvið klofin, þ. e. löð með langri skoru í miðju, og í þessari skoru voru götin (nefnd gluggar í gátunni) sem naglateinninn var rekinn í þegar hausinn var sleginn til. Þannig laðir frá víkingaöld hafa fundizt a. m. k. í Noregi,²⁵ en mér er ókunnugt um hve algengar þær hafi verið á Norðurlöndum eða hve lengi þær hafi verið í notkun.

Nr. 3. Ullarkambar. Kömbunum er ekki lýst í gátunni, en þeir voru um margar aldir af svipaðri gerð og íslenzkir togkambar.²⁶

²³ *Jónsbók* . . . , Udg. . . . ved Ólafur Halldórsson, København 1904, bls. 234.15—17.

²⁴ *Alþingisbækur Íslands* IV, bls. 264.

²⁵ Jan Petersen, *Vikingetidens redskaper*, Skrifter utg. av Det Norske Videnskaps-Akademi i Oslo, II. Hist.-Filos. Klasse, 1951, No. 4, bls. 98—100, sjá Fig. 72.

²⁶ Sjá *Íslenskir Þjóðhættir* eftir séra Jónas Jónasson frá Hrafnagili, Einar Ól. Sveinsson bjó undir prentun, Reykjavík 1934, bls. 103.

Nr. 4. Ráðningin mun vera fótskemill. Meðal sérkenna hans, sem eru talin í gátunni, er að hann stendur á tveimur fótum. Síðasti hluti gátunnar er einkennilegur: Kvinnakiqt / er honum á kropp borit; / finnsk eigi honum þó mannshold í maga. Líklega er *kvennakjöt* orðaleikur, og kynni að vera átt við kodda eða dýnu eða einhverskonar mjúkt hægindi, sem hefur verið lagt ofan á skemilinn, en fótafjölin hefur verið ber að neðan.

Nr. 5. Ráðningin á þessari gátu er hór í eldhúsi. Hónum er ekki lýst svo nákvæmlega að auðvelt sé að gera sér grein fyrir hvernig hann hafi verið, en orðin: 'ok stendr í gegnum grein' benda til að stöngin sem hókrókurinn var á hafi verið í gati á boginni trjágrein.²⁷

Nr. 6. Klukkukólfur. Síðustu þrjú vísuorðin lúta að því, að kólfurinn var smíðaður við eld, en orðin: 'ok verðr at liósta til lífs' munu lúta að því að kólfurinn var sleginn til með hamri og á steðja. Orðin: 'ok er herðilotinn heldr' munu benda til kólfs með hnúð neðst, en að öðru leyti er lögun hans ekki skilgreind í gátunni.

Nr. 7. Öngull. Sérkenni sem eru talin í gátunni eru þessi: Hluturinn er karlkenndur; hefir afl í nefi (þ. e. í oddinum); er í legg lotinn; harðr undir höndum; í hrygg boginn. Allt þetta er ljóst, nema 'harðr undir höndum,' sem e. t. v. má skilja á þá leið, að öngullinn sé harður viðkomu, sbr. harður undir tönn, en líklegra er að textinn sé afbakaður. Af ástæðum sem síðar verður vikið að verður að teljast ólíklegt að *hr* hafi staðið í hljóðstaf við *h* + sérhljóð í þessum gátum; í stað *harðr* er því fremur að vænta orðs með *r* í framstöðu, sem hefði staðið í hljóðstaf við *rygg*, mér dettur helzt í hug orði *reyrðr*, sbr. orðafar á norsku: *røyra ein ongul*, sem er þýtt þannig í orðabók Aasens: 'fæste en Fiskekrog til Snoren ved en tæt Omvinding af Traad' (sjá við *røyra*). Ef þessi tilgáta er rétt, er að líkindum átt við öngul sem hefur haft sleginn flöt efst, sem öngultaumurinn var reyrdur neðan við, eins og nú gerist á ýsuönglum, en ekki gat eða lykkju til að hnýta í. Gerð

²⁷ Op. cit., sjá mynd á bls. 456.

öngulsins er að öðru leyti ákvörðuð af orðunum: í legg lotinn, sem benda til önguls með boginn legg. Þvílíkir önglar hafa fundizt a. m. k. í Noregi, sjá fig. 63 c í O. Nordgaard, *Træk av fiskeriets utvikling i Norge*, Det kongel. norske vidensk. selsk. skr. 1908.

Nr. 8. Hvannjóli. Í gátu Gestumblinda um hvannkálfinn er einnig nefndur mögur: 'mær við meyiu / mög um getr', en að öðru leyti er sú gáta allsólík þessari. Orðin 'ok er í fótaskióli foeddr' má skilja þannig, að hvannjólinn spretti upp í skjóli eldri hvanna, sbr. 'er elsk fyrir móðurkniám', en einnig getur verið að þetta sé orðaleikur, og er þá með fótaskjóli átt við hosu, sem mundi þá benda til að blaðslíðrið, sem er hið fyrsta sem kemur upp af hvönninni á vorin, hafi verið nefnt hosa. Sögnin að *koka* í 6. vísuorði (kokar hann í ennitt upp) er notuð í sömu merkingu og hún hefur enn í íslenzku, þ. e. að elgja upp.

Pundarinn, löðin og öngullinn sem er lýst í gátunum eru með sérkennum sem líklegt er að gætu komið að gagni við að tímasetja þær, en þær sem það mun naumast á færi annarra en lærðra fornleifafraðinga hætti ég mér ekki út á þá braut. Nokkra hugmynd má fá um aldurinn af máleinkennum, en þó er sá galli á, að orðmyndir eru ekki rímskorðaðar að sama marki í ljóðahætti og í dróttkvæðum hætti. Hið helzta, sem hægt er að festa hendur á, er að hvergi virðist þörf á að gera ráð fyrir endingunni *-ur* fyrir eldra *-r*, en þetta bendir til að gáturnar hafi öllu fremur verið ortar fyrir 1300 en eftir. Líklegast er að þær séu frá 12. eða 13. öld, en nákvæmari tímasetningu treysti ég mér ekki til að nefna.

Þótt örðugt sé að segja til um hvenær þessar gátur hafi verið ortar er þó öllu ugðvænlegra viðfangsefni að ráða fram úr hvar þær hafi orðið til. Hér á undan voru talin fáein orð sem naumast eða ekki koma fyrir í íslenzku: *rauf* (í merkingunni rassgat, *anus*), *hjassi*, *feitt*, *knapaldur*, *þarri*, *vígnýra*. Samkvæmt orðabókum kemur sögnin að *riga* (1.7) ekki fyrir í

textum sem ætla má að séu frá því fyrir 1400; dæmi sem eru nefnd í orðabók Fritznerns eru úr pappírshandritum sem engin von er til að hafi varðveitt upphaflegan texta. Í norsku kemur orðið ekki fyrir í handritum frá því fyrir ca 1250, en raunar er þar ekki úr miklu efni að móða. Í norskum mállýzkum kemur *riga* fyrir í Norður-Björgvinjarfylki, Haddingjadal og Guðbrandsdal, samkvæmt orðabók Aasens, og merkir: 'rave, sveie, hælde til forskjellige Sider.' Á Eystra-Gautlandi í Svíþjóð kemur fyrir sögnin *rea*, 'upplyfta, framskjuta med en kort hæfstang',²⁸ og kynni að vera sama orðið og *riga*. Nú er að sjálfsgöðu ekki hægt að fullyrða að þessi orð hafi verið óþekkt í íslenzku fyrir 1300, enda þótt þau komi ekki fyrir á bókum, en þótt þau séu ekki fleiri en þetta, eru þau þó grunsamlega mörg í ekki lengri texta. Niðurstaðan verður því sú, að gáturnar muni ekki vera íslenskar.

Sum þeirra orða sem hér hafa verið nefnd benda til austurnorræns málsvæðis, svo sem rauf (merkingarlega), feitt, þarri og vígnýra; af þessum er sérsænskt orðið vígnýra. Þó mun vissara að signa sig fyrir bræði áður en fullyrt er að þetta orð sanni að gáturnar séu sænskar.

Líklegt er að gáturnar í 687b hafi verið skrifaðar upp á sama stað og vísurnar sem á eftir þeim koma og sennilega eftir sömu heimild. Ekkert verður fullyrt um hvaðan þulan (nr. 11) er upprunnin, en vísurnar eru án alls efa ekki íslenskar. Þetta eru bersýnilega lausavísur, misgamlar, og engin leið er framar að gizka á af hvaða tilefni þær hafi verið ortar. Nr. 9 er ort undir nokkurn veginn reglulegum dróttkvæðum hætti, en nokkuð skortir á að skothendingar séu settar að reglum í stöku vísuorðunum: í 1. vo. vantar skothendingar, í 5. vísuorði eru ófullkomnar aðalhendingar (heyrða — eyru) og í 7. vo. vantar hendingar. Í jöfnu vísuorðunum eru aðalhendingar reglulegar; í 6. vísuorði eru hendingarnar -glamm — skömmu, og má vera að þar sé notuð óhljóðverpt mynd, *skammu* fyrir

²⁸ Johan Ernst Rietz, *Ordbok öfver svenska allmoge-språket*, Lund 1867, bls. 528b.

skömmu. Vísan er auðskilin og virðist vera vel varðveitt, nema 4. vo. er tortryggilegt; *hlaðinn* er skrifað 'hlaðín' og nefhljóðsband yfir 'í', en endingin er ógreinilega skrifuð og varla öruggt að þannig eigi að lesa. Orðið *flíms* virðist standa með *hlaðinn*, en naumast getur þarna verið um að ræða flím í merkingunni háð. Í færeysku er orðið til í merkingunni 'vaklen, usikkerhed, mistænkeligt moment',²⁹ og með þessari merkingu er hægt að fá skynsamlegt vit í vísuorðið með þeirri einu lagfæringu að bæta *í* inn á eftir *hlaðinn*: flíms hlaðinn í hrími, þ. e. hikandi í hrími. Eignarfall með s. að hlaða er óvenjulegt, en kemur þó fyrir í Haraldskvæði (Hrafnsmálum) 8:

Hlaðnir váru þeir hólða
ok hvítra skialda,
vigra vestrœnna
ok valskra sverða.

Sum einkenni háttarins á þessari vísu minna á kveðskap þann sem er kenndur Braga hinum gamla Boddasyni, t. d. að ekki er hirt til fullnustu um skothendingar í stökum vísuorðum, og hendingar milli orða í samstæðum vísuorðum koma fyrir: heyrða — eyru — orva; sbr. og: laufi — lautek, þótt það geri ekki fullkomna hendingu.³⁰ Á þetta, svo og að s. að hlaða tekur með sér eignarfall, mætti líta sem ávitul um að vísan væri gömul; þá þarf ekki að gera ráð fyrir óhljóðverptu myndinni *skammu* (6. vo.), því að í gömlum kvæðum, allt fram um 1170, var til að u-hljóðvarp af *a* myndaði hendingar með *a*.³¹ Það mun því erfitt að segja til um hvenær þessi vísa muni vera ort, en efnið bendir til að hún sé annaðhvort norsk eða sænsk.

Nr. 10 er til muna óreglulegri að hætti en nr. 9. Milli 1. og

²⁹ M. A. Jacobsen og Chr. Matras, *Føroysk-donsk orðabók*, Tórshavn 1961.

³⁰ Einar Ól. Sveinsson, *Íslenzkar bókmenntir í fornöld*, Reykjavík 1962, bls. 126.

³¹ Hreinn Benediktsson, *Phonemic Neutralization and Inaccurate Rhymes*, Acta Phil. Scand. xxvi, bls. 1—18.

2. vísuorðs er þetta furðulega innskot: *heill, góðr bóndinn, heill*, sem ekki telst til vísunnar, en annars er 1. — 4. vo. undir nokkurn veginn reglulegum dróttkvæðum hætti. Skáldið mun hafa ætlað til að *Mik* og *rakkar* (1. vo.) gerði skothendingar, og sennilega einnig *gær* og *garði* (3. vo.), og má skollinn vita nema hann hafi sagt *gāri*. Milli þriðja og fjórða vísuorðs gera þessi orð ófullkomnar hendingar: *garði* (eða *gāri*) — *garmar* — *harma*. Í 5. og 6., 7. og 8. vísuorði er endarím (samhendingar), en á 9. og 10. vísuorði er háttleysa. Stuðla-setning í 7. og 8. vísuorði er ekki að íslenzkum hætti, enda þótt slíkri stuðlun bregði fyrir hjá íslenzkum skáldum, m. a. í rímum, en einnig er augljóst af efninu og bragarhættinum að vísan er ekki íslenzk. Gaman væri að vita tilefni þessarar vísu, en þess er enginn kostur; ég gæti bezt trúað að hún væri draumvísa.

Nr. 11 er þula eða þulubrot, og verður gaman að lifa þann dag, þegar sannað verður hvenær og á hvaða landi hún hafi orðið til.

Nr. 12 er unlegust af þessum vísum; hún hefur endarím (samhendingu) í hverjum tveimur samstæðum vísuorðum, en stuðla-setning er mjög óregluleg: í 1. og 2. vísuorði standa *víða* og *vængina* í hljóðstaf, í 7. *kolfr* og *keviðinum* og í 8. *opin* og *aptr*. Í 6. vísuorði verður að gera ráð fyrir orðmyndinni *hoganum*, sem myndar hendingu við *boganum*. Orðmyndin *hog* kemur fyrir í norskum mállýzkum í Guðbrandsdal og *víðar* austan fjalls,³² og í sænsku er myndin *håg* algengust. Það má því telja víst að þessi vísa sé annað tveggja austurnorsk eða sænsk, en það kemur heim við það sem ætla má um uppruna gátanna, og er þá langlíklegast að gáturnar og vísurnar hafi verið skrifaðar upp utanlands. Það verður því að teljast óvíst að forrit 687b hafi verið íslenzkt, og má þá vel vera að það hafi verið yngra en frá því um 1300.³³ Af þeim sökum getur vel verið að vísa nr. 12 sé frá 14. öld og e. t. v. frá því um 1400.

³² Sjá orðabók Aasens.

³³ Sjá bls. 7 hér á undan.

Hér verða engar frekari tilraunir gerðar til að ákvarða hvort kveðskapur sá sem stendur í 687b muni vera austurnorskur eða e. t. v. sænskur, enda er ekki á færi annarra en málvísindamanna að skera úr því, og læt ég þeim það hér með eftir. Einnig verður látið hjá líða að leita í gátum sem enn eru til á Norðurlöndum, hvort þar mundi að finna þessar sömu gátur eða leifar þeirra; ef slík leit ætti að verða nokkuð annað en kák mundi hún kosta margra mánaða vinnu, t. d. yrði að gera leit í íslenskum handritum að óprentuðum gátum, svo og í Þjóðfræðastofnunum á Norðurlöndum. Hér skal þess einungis getið, að í gátum Jóns Árnasonar eru nr. 1060, 535 og 777 leifar af þeim sem hér eru nr. 3, 5 og 8, komnar úr munnlegri geymd og orðnar mjög torkennilegar. Hjá Jóni Árnasyni eru þær prentaðar þannig:

Nr. 1060 (sbr. nr. 3)

Tveir bræður rífa hvor frá öðrum.

Nr. 535 (sbr. nr. 5)

Hver er sá karl í krókum býr
og gægist fram úr greni?
Á hann hvorki ær né kýr,
allt hans nafn í hnakka býr,
þó ber hann marga máltíðina á nefi.

Nr. 777 (sbr. nr. 8)

Karl bjó í fjalli,
átti fjölda barna,
honum vaxa eistu
fyrir ofan enni,
hann er þess verri
sem hann lifir leingur.

Í *Norske Folkeviser*, samlede og udgivne af M. B. Landstad, Chria 1853, eru prentaðar fáeinar norskar gátur. Nr. 19 (bls. 808) er þannig:

Hev 'ki anten liv hell' ánd,
fer báðe lánd og stránd
og ger kvor mann rett kaup.

Ráðningin á þessari gátu er 'ei vegt (en Bismar)'. Þessi gáta er bersýnileg skyld nr. 1 og e. t. v. rytjur af henni, sem margra alda munnleg geymd hefur látið eftir sig.

Handritastofnun Íslands

Reykjavík

Meðan ég var að fást við þessa ritgerð ræddi ég við ýmsa menn um þau atriði sem voru örðugust viðfangs. Sérstaklega stend ég í þakkarskuld við dr. Kristján Eldjárn, Helga Guðmundsson, Jón Samsonarson, Lúðvík Kristjánsson og Stefán Karlsson.

Ó. H.

SUMMARY

In the Arnarnaganean Collection in Copenhagen there are two vellum leaves, AM 687b 4to, the remnants of a book of song (free organum for 2 and 3 voices). The manuscript is written by an Icelander. Its first known owner was Þorleifur Björnsson, minister at Reykhólar (16th century). Fol. 1v—2v contain scores, but on Fol. 1r there are eight riddles, three verses and one *Pula* (fragment?), written in the 16th century. These rhymes are printed here in orthography of the manuscript, but riddles nr. 1—7 have previously been printed (inexactly) from a copy by Hallgrímur Scheving (JS 289 8vo) in *Íslenzkar gátur* (Icelandic Riddles), collected by Jón Árnason, Copenhagen 1887, and riddle nr. 4 also in *Almanak hins íslenzka þjóðvinafélags* 1876.

It is clear from errors owing to misreadings that the writer of 687b has copied the riddles from a book, and from the beginnings of nr. 6: *Hverr er sá inn þriði* (Who is the third one), nr. 7: *Hverr er sá inn ellefti* (Who is the eleventh one) and nr. 8: *Mógr er sá inn nítiándi* (The nineteenth is a son) it may be deduced that they come from a collection of riddles. The riddles are in the *ljóðabáttur* metre but the lines are unusually long and all the stanzas are more than 6 lines (9, 12 and 15). They contain a few words that are either rare or otherwise unknown in Icelandic and a few with unusual meanings: 2.9 *rauf*, fem. *ð*-stem, used to mean the same as Da. *røv*, Sw. *röv*. — 2.10 *hjassi*, masc. *an*-stem, meaning

the same as Da. *isse*, Sw. *bjässe*; this is also found in *rimur*. — 3.7 *sauða-feitt*, where *feitt* is obviously the same as Da. *fæt*, Sw. Dial. *fätt*, Old Sw. *ulla fetter*, ought to be **fett* in Icelandic, here used to mean uncombed wool or a sheep's woolen coat. — 4.6 *knapaldr*, neutr., unknown from other sources, here probably used for a block of wood. — 6.2 *þari* (or *þarri*), masc. an-stem, the same as Sw. *tarre*. — 8.4 *vignýra*, neutr., the same word as Old Gotlandic 'vigniauri', i. e. testicle.

The solution of the riddles is: No. 1: a steelyard. — No. 2: a mould for forging nails. — No. 3: wool combs. — No. 4: a footstool. — No. 5: a pot-hook. — No. 6: a bell clapper. — No. 7: a fish-hook, probably one with a bent stem. — No. 8: a stalk of angelica.

Dating the riddles is problematic, but in all probability they are from the 12th or 13th century. They have probably been written down in the same place as the verses, which are of different ages, no. 9 probably oldest and no. 12 youngest. East Nordic words suggest that the riddles have not been composed in Iceland and the verses are obviously not Icelandic. The author does not feel competent to pronounce whether the riddles and the verses were composed in the eastern part of Norway, or perhaps in Sweden.

In the above-mentioned work by Jón Árnason the riddles no. 1060, 535 and 777 are orally transmitted fragments derived from the riddles here numbered 3, 5 and 8.